

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Tjaldsvæði við Skógafoss og stækkun bílastæðis – breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 15. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi úr landi Ytri-Skóga, L163672. Með deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir tjaldsvæði sunnan við Skógafossveg og að bílastæðum verði fjölgað við Skógafoss. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Stóra-Mörk – nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. júní 2025 tillögu deiliskipulags að Stóru-Mörk 3b og 3d, L236887 og L224421. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir gistihúsum fyrir ferðamenn og að byggja skemmu við núverandi íbúðarhús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Heylækur – nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. október 2025 tillögu deiliskipulags að Heylæk 7, L234629. Tillagan tekur til tveggja byggingarreita. Heimilt verður að reisa 250 m<sup>2</sup> íbúðarhús með allt að 8 m mænishæð á báðum lóðum. Einnig verður heimilt að reisa gestahús og skemmu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Dímonarflöt – nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. október 2025 deiliskipulag fyrir frístundasvæði F39 við Dímonarflatir. Deiliskipulagið heimilar að byggt verði eitt frístundahús, gestahús/geymsla og gróðurhús. Hámarksbyggingarmagn er 300 m<sup>2</sup> og hámarkshæð ekki hærrí en 6 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 10. október 2025.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,  
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 23. október 2025